


Um sjóðinn

Global Portfolio er fjárfestingarsjóður sem byggir á hugmyndafræði sjóðasjóða. Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og dreifingu áhættu með því að fjárfesta aðallega í alþjóðlegum sjóðum sem fjárfesta í hlutabréfum. Einnig er heimild til þess að fjárfesta í erlendum skuldabréfasjóðum og innlánnum hjá fjármálfyrirtækjum. Fjárfestingunni fylgir gjaldmiðlaáhætta þar sem eignir sjóðsins eru í erlendum gjaldmiðlum.



Kaup í Global Portfolio er langtímafjárfesting þar sem búast má við miklum sveiflum í ávöxtun sjóðsins til skemmri tíma. Allar frekari upplýsingar um sjóðinn og áhættuþætti má nálgast í lykilorðupplýsingum og útboðslýsingu hans sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is

Fjárfestingastefna og eignasamsetning

Flokkur	Staða	Lágmark	Hámark	Eignaskipting
■ Erlendir hlutabréfasjóðir	52,2%	20%	100%	
■ Erlendir kauphallarsjóðir	47,4%	0%	50%	
■ Erlendir ríkisskuldabréfasjóðir		0%	30%	
■ Innlán hjá fjármálfyrirtæki í erl. mynt		0%	50%	
■ Reiðufé	0,4%	-	-	

5 stærstu eignir

T.Rowe Price Global Equity	13,75%
iShares S&P 500 ETF	12,03%
UBAM-30 Global Leaders E-IC	10,15%
ISHARES RUSSELL 1000 ETF	9,43%
ISHARES S&P 100 ETF	9,41%

Landsvæðaskipting**Árangur sjóðsins****Áhætta**

Markaðsáhætta er sú áhætta sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhættu falla **gengis-, vaxta-, og gjaldmiðlaáhætta** sem felast í því að gengi verðbréfa og gjaldmiðla getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti og haft þannig áhrif á ávöxtun í sjóðnum. Breytingar á markaðsvöxtum geta haft áhrif á verðmyndun hlutabréfa.

Landsbundin áhætta er til staðar í sjóðnum þar sem honum er heimild að fjárfesta í verðbréfum fyrirtækja óháð því á hvaða landsvæði þau starfa.

Lausafjáraáhætta er til staðar í sjóðnum þar sem sú staða gæti komið upp að eign seljist ekki tímanlega á ásættanlegu verði.

Uppgjörsáhætta er til staðar í sjóðnum ef mótaðili greiðir ekki eða afhendir á réttum tíma.

Vörsluáhætta er til staðar í sjóðnum þar sem eignir í vörslu geta tapast vegna vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.

Almennar upplýsingar

Kennitala:	690616-9710
Stofndagur:	13.10.16
Grunnmynt:	USD
Rekstrarfélag	Landsbréf hf.
Vörslufyrirtæki	Landsbankinn hf.
Söluaðilar:	Landsbankinn hf.
Sjóðsform:	Fjárfestingarsjóður (Non-UCITS)
Umsýslubóknun:	1,50%
LEI númer:	549300KSEBRSSSD9H85
Sjóðstjórar:	Halldór Kristinsson Egill Darri Brynjólfsson
Framkv.stj. Landsbréfa hf.:	Helgi Þór Arason

Viðskiptapantanir

Afgreiðslutími:	09:30 - 12:00
Lágmarkskaup:	50 USD
Afgreiðslugjald:	4 USD
Afgreiðslugjald í áskrift:	-
Gjald við kaup:	1,0%
Gjald við kaup í áskrift:	-
Áskriftarmöguleiki:	Nei
Uppgjörstími:	3 viðskiptadagar

Tölulegar upplýsingar

Hrein eign í milljónum USD:	7,6
Gengi sjóðsins:	12,60
Staðalfrávik*:	8,28%
Áhættumælikvarði	5/7

*Staðalfrávik ávöxtunar er tölræðileg stærð sem mælir sveiflur frá meðalávöxtun á ársgrundvelli. Staðalfrávikid byggir á daglegum gögnum eitt ár aftur í tímann. Núverandi mat á staðalfrávikinu endurspeglar ekki endilega staðalfrávik í framtíð.

Skattalegar upplýsingar

Tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skilgreindar sem vaxtatekjur skv. 8. gr. l. nr. 90/2003 um tekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur staðgreiðist af hagnaði þegar hlutdeildarskírteini eru innlest. Skattlutfall þetta er nú 22%. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna á vef Landsbréfa og í útboðslýsingu sjóðsins.

Hafðu samband

Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans
Austurstræti 5, 155 Reykjavík
Sími: 410 4040
www.landsbankinn.is www.landsbref.is

Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður og starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðsins er Landsbréf hf. og vörslufyrirtæki er Landsbankinn hf. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Nánari upplýsingar um sjóðinn og áhættuþætti eru í útboðslýsingu sjóðsins og lykilorðupplýsingum sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér þær vel áður en fjárfest er í sjóðnum. Þær upplýsingar sem koma fram í þessu skjali byggja á óendurskoðuðum gögnum úr bókhaldi sjóðsins. Upplýsingarnar eru því birtar með fyrirvara um réttmæti þeirra.